



STJÓRN STRÆTÓ bs.

Ár 2013, föstudaginn 8. mars var haldinn 179. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 12:05.

Mætt voru Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Gunnar I. Birgisson og Hafsteinn Pálsson.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson.

Fundarritari var Hörður Gíslason.

Þetta gerðist:

1. Fjallað um vagnakaup, sbr. 2. liður fundargerðir 175. fundar stjórnar og 2. liðar fundargerðar 171. fundar stjórnar og úrskurði Kæruneftndar útboðsmála frá 28. febrúar sl. Lagt fram minnisblað frá Dóru Sif Tynes hdl., dags 5. mars 2013.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 8. mars 2013.

Stjórnin samþykkir að draga til baka samningskaupaferli nr. 12903 um endurnýjun strætisvagna.

Stjórnin samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að framkvæma nauðsynleg vagnakaup á grundvelli d-liðar 3. mgr. 40. gr. veitutilskipunar í samræmi við þörf fyrirtækisins.

Stjórnin samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að hefja nýtt útboðsferli vegna langtímaþarfar fyrirtækisins.

Dóra Sif Tynes, Þorbergur Karlsson, Hafliði Jónsson, Helgi Bogason, Einar Kristjánsson og Bergdís Eggertsdóttir mættu til fundarins vegna þessa liðar.

Fundi slitið kl. 12:55

Einar Örn Benediktsson

Sturla Þorsteinsson
Sigríður Björk Jónsdóttir

Gunnar I. Birgisson
Hafsteinn Pálsson